

Nd.

1288. Nefndarálit

[423. mál]

um frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, bankaeftirlits Seðlabankans, viðskiptabankanna og Sambands ísl. bankamanna.

Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins og mælir meiri hl. með samþykkt frv. að samþykktum breytingum sem hann flytur á sérstöku þskj. Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti og flytur einnig brtt. við frv. Kjartan Jóhannsson stendur að meirihlutaálitinu með fyrirvara þar eð hann hefur flutt brtt. á sérstöku þskj. og vísar til þeirra.

Meiri hl. nefndarinnar er samþykkur þeirri stefnumörkun um starfsemi og stjórn viðskiptabanka sem felst í frv. Telur meiri hl. það til mikilla bóta að lögum um viðskiptabanka sé steyppt saman í einn lagabálk og horfið frá þeirri skipan að binda starfsemi hvers þeirra að verulegu leyti við tiltekna atvinnugrein. Með þessu móti er stigið stórt skref til að jafna starfsskilyrði viðskiptabanka. Þetta er gert á þann hátt að ætla má að með samþykkt frv. verði allir viðskiptabankarnir hæfari til að þjóna þörfum atvinnulífs og einstaklinga.

Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að ýmis ákvæði frv. séu til þess fallin að skapa eigendum innlánsfjár í viðskiptabönkunum aukið öryggi um fé sitt, m. a. með ófrávíkjanlegum ákvæðum um lágmark eigin fjár. Eigi að síður hefur meiri hl. nefndarinnar talið rétt að flytja brtt. um stofnun sérstaks Tryggingarsjóðs viðskiptabanka sem ætti að tryggja hagsmuni eigenda innlánsfjár enn betur. Meiri hl. nefndarinnar vill hins vegar benda á að ákvæði seðlabankalaga um bankaeftirlit hafa hér einnig þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Í nefndinni hefur verið rætt um hvernig beri að skýra síðari másl. 2. mgr. 2. gr. frv. sem fjallar um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Í álitsgerð, sem dr. Ármann Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómari, ritaði um lagaheimildir ríkisbankanna til lántöku erlendis, skýrir hann þetta ákvæði. Er niðurstaða hans sú að ákvæði þetta feli í sér takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs að því er varðar lántökur ríkisviðskiptabanka erlendis þegar lagaheimild til lántöku liggur ekki fyrir og lán eru tekin án þess að hlutadeigandi banki veiti tryggingu í sjálfs sín eignum. Nefndin tekur undir þessa skýringu dr. Ármanns og telur jafnframt að erlendar lántökur ríkisviðskiptabanka séu háðar ákvæðum 12. gr. laga nr. 63 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. þó 10. gr. sömu laga.

Eftir umræður í nefndinni vísar meiri hl. hennar því á bug að sett verði í frv. ákvæði um starfsmannaráð viðskiptabanka. Meiri hl. telur að stofnun ráða af þessu tagi eigi ekki að ráðast af lagafyrirmælum heldur í samningum við bankastarfsmenn (sbr. þó fyrirvara KJóh).

Að lokum vill meiri hl. nefndarinnar lýsa þeirri skoðun sinni að nauðsyn beri til að efla umræðu á Alþingi um bankakerfið og afskipti löggjafans af bankastarfsemi. Telur meiri hl. að við meðferð Alþingis á frv. til laga um Seðlabanka Íslands komi til álita með hvaða hætti skuli setja ákvæði sem kveði svo á að ársskýrsla Seðlabankans, er hafi m. a. að geyma upplýsingar um starfsemi viðskiptabanka, sé lögð fyrir hvert reglulegt Alþingi.

Alþingi, 14. júní 1985.

Páll Pétursson,
form.

Þorsteinn Pálsson,
frsm.

Kjartan Jóhannsson,
með fyrirvara.

Halldór Blöndal.

Friðrik Sophusson.